

**SAMÞYKKT**

um breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík nr. 11 20. janúar 1950.

1. gr.

Aftan við 7. tl. 79. gr. samþykktarinnar komi nýr málslíður, svo hljóðandi: Í nýlenduvörubúðum og öðrum sölustöðum, þar sem neytluvörur eru seldar, getur heilbrigðisnefnd bannað neytlu varanna á staðnum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. febrúar 1964.

Samþykkt þessi, er borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, staðfestist hér með eftir tillögum landlæknis og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. desember 1963.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

Nr. 221.

11. desember.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá um Föndur- og leikfangasjóð Skálatúnsheimilisins, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. desember 1963.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ****Föndur- og leikfangasjóðs Skálatúnsheimilisins.**

Stofnaður í tilefni 10 ára afmælis Efnalaugarinnar Björg. Sjóðurinn er gefinn Skálatúni á 5 ára afmæli Jónínu Magnúsdóttur, 28. nóv. 1963, að upphæð kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Föndur- og leikfangasjóður Skálatúnsheimilisins.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að kaupum á föndurefni, leikföngum, leik-tækjum og öðru, sem getur orðið börnunum til þroska og ánægju, að dómi sjóðs-stjórnar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Einn úr stjórn Skálatúnsheimilisins, forstöðukona Skálatúns og einn af ættingjum Jónínu, sem skal vera formaður sjóðsstjórnar.

## 4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt, sem stjórn hans telur arðvænlegast hverju sinni. Peningar og önnur verðmæti sjóðsins skulu vera geymd í viðurkenndri peningastofnun. Sjóðinn skal efla:

- a. Með árlegum vöxtum hans sjálfs.
- b. Með gjöfum og áheitum.
- c. Með ýmsum tekjum.

## 5. gr.

Eigi má skerða upphaflegan höfuðstól sjóðsins.

## 6. gr.

Afmælisdagur gefandans (28. nóv.) skal vera „Dagur sjóðsins“. Skal þá veita úr honum, eftir tillögum sjóðsstjórnar. Einnig er æskilegt, að hann sé öðrum dögum fremri til tekna fyrir sjóðinn.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fundarbók og færir inn í hana skipulagsskrá þessa, sem og allar ákvarðanir varðandi sjóðinn.

## 8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Endurskoðendur sjóðsins eru þeir sömu og Skálatúnshéimilisins.

## 9. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að öll stjóðsstjórn sé því samþykkt.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 28. nóvember 1963.

Efnalaugin Björg.

Magnús Kristinsson.

Ragnheiður Guðmundsdóttir.

## SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.

## 1. gr.

79. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Veitingastaði, þar sem fram fer sala heitra máltíða, heitra sérrétta eða fjöl-breyttra kaffiveitinga, skal heimilt að hafa opna frá kl. 6.00 til kl. 23.30, enda sé slík sala meginhluti rekstrarins að dómi heilbrigðisnefndar og þar fari ekki fram sala sælgætis. Allir gestir, sem eigi hafa þar náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en  $\frac{1}{2}$  stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma, og heimilt skal félögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Þó er lögreglu-stjóra heimilt að skipa svo fyrir, að hífýlum þeim, sem skemmtunin fer fram í, sé lokað kr. 23.30, og hvorki gestum né félagsmönnum veittur aðgangur eftir þann